

Hlutlægni og áreiðanleiki - eftirlit og viðbrögð við frávikum -

Gildissvið

1. gr.

Reglur þessar gilda um hvernig eftirliti er háttað til að ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í fréttum og fréttatengdu efni, þ.á m. hvernig brugðist er við frávikum. Reglur þessar eru settar í samræmi við ákvæði í kafla 2.4 í Þjónustusamningi milli RÚV og mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019, sbr. og 4. mgr. 2. gr. laga um RÚV, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013.

Reglur þessar gilda til viðbótar siðareglum RÚV settum með stoð í 13. gr. laga nr. 23/2013.

Hlutlægni og áreiðanleiki

2. gr.

RÚV skal ætíð gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni, þ.á m. að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttá- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og tryggja að mismunandi sjónarmið komi fram, sbr. og meðal annars 26. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla, 3. gr. laga nr. 23/2013, og grundvallarreglur um góða fjölmiðlun.

Krafan um hlutlægni og áreiðanleika felur meðal annars í sér að staðhæfingar sem settar eru fram skulu vera réttar og leitað sé eftir fögum heimilda til að sannreyna staðreyndir áður en upplýsingar eru birtar.

Eftirlit með hlutlægniskröfum

3. gr.

RÚV skal, eftir því sem framast er kostur, tryggja að uppfylltar séu kröfur um hlutlægni og nákvæmni. Í því skyni að skal RÚV láta óháðan aðila framkvæma tvisvar á ári viðhorfskönnun eftir viðurkenndri aðferðafræði þar sem mælt er traust almennings til fréttá og fréttatengds efnis. Þessar niðurstöður skulu gerðar opinberar.

Fyrir lok október ár hvert skal starfshópur skipaður þremur óháðum einstaklingum, einum tilnefndum af útvarpsstjóra, einum tilnefndum af starfsmannasamtökum RÚV og einum tilnefndum af forseta Félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands, sem skal jafnframt vera formaður starfshópsins. Starfshópurinn skal taka til skoðunar eftir eigin vali eitt tiltekið

fréttatengt málefni á árinu sem er að líða þar sem ætla má að reynt geti sérstaklega á kröfur um hlutlægni og áreiðanleika en með fréttatengdu efni er átt við efni sem hefur verið gerð sérstök skil á árinu sem er að líða, t.d. kosningaumfjöllun eða umfjöllun um viðburði sem hafa verið í brennidepli í samfélagsumræðu. Starfshópurinn skal skila skriflegri greinargerð um niðurstöður sínar eigi síðar en 3 mánuðum eftir skipun. Útdráttur úr greinargerðinni skal birtur í ársskýrslu RÚV sem gefin er út í mars ár hvert. Leitast skal við að tryggja að þeir sem skipaðir eru í starfshópinn skv. 1. mgr. hafi viðeigandi þekkingu á fjölmiðlun, þ. á m. grundvallarreglum um ritstjórnarlegt óhæði og sjálfstæði.

Viðbrögð við frávikum

4. gr.

Komi í ljós að kröfum um hlutlægni og nákvæmni hafi ekki verið fullnægt skal útvarpsstjóri, að höfðu samráði við fréttastjóra eða dagskrárstjóra teljist þeir ekki vanhæfir, grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að bætt sé úr og sambærileg mistök endurtaki sig ekki.

Gildistaka

5. gr.

Reglur þessar eru samþykktar af stjórn RÚV þann 29. mars 2017.